

Nefndarsvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2014

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála þingskjal 233-207 mál.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofna nýja ríkisstofnun sem taki yfir starfsemi sjö úrskurðanefnda á mjög ólíkum sviðum. Það sem vekur sértaka athygli er að gert er ráð fyrir að samruni þessa úrskurðanefnda muni ekki leiða til sparnaðar fyrir ríkissjóð en það var megin tilgangur tillagna hagræðingarnefndar ríkisstjórnarinnar.

Hversu vítt starfssvið nefndarinnar er og ólík viðfangsefni vekur upp spurningar um hvort gengið sé á faglega þáttinn því þetta fyrirkomulag krefst svo víðtækrar þekkingar og reynslu af hálfu þeirra sem koma til með að starfa fyrir nefndina.

Samiðn tekur undir mikilvægi þess að hagræða í opinberum rekstri samhliða því að þjónusta sé bætt en lýsir vonbrigðum með að slíkt skuli ekki leiða til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Miðað við stöðu ríkissjóðs er mikilvægt að leggja áherslu á ráðdeild og sparnað og ekki sé verið að stofna til nýrra útgjaldaliða meðan verulega skortir á fjármagn til reksturs margra opinberra stofnana.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



---

Þorbjörn Guðmundsson